

Nd.

294. Frumvarp til laga

[13. mál]

um aðstoð við togaraútgerðina.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1955 að innheimta sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum. Má gjald þetta nema allt að 100% af fob-verði bifreiðanna, og innheimtir innflutningsskrifstofan það, sbr. þó 5. gr.

Ef fob-verð er ekki tiltekið, miðast gjaldið við tollmat bifreiðanna, að frá-dregnu flutningsgjaldi og váttryggingargjaldi.

2. gr.

Gjald það, sem innheimt er samkvæmt 1. gr., skal renna í sérstakan sjóð, sem er eign ríkisins.

Úr sjóði þessum skal greiða togaraútgerðinni rekstrarstyrk á árunum 1954 og 1955. Eigi má greiða hverjum einstökum togara meira fé úr sjóðnum en nemur kr. 2000.00 fyrir hvern dag, sem skipínu sannanlega er haldið úti til veiða á tímabilinu 1. ágúst 1954 til 31. des. 1955.

3. gr.

Sjóð þann, er um ræðir í 2. gr., skal geyma á sérstökum reikningi í Landsbanka Íslands.

Stjórn sjóðsins og greiðslu styrkja úr honum skal fela tveimur mönnum. Skipar fjármálaráðherra annan, en sjávarútvegsmálaráðherra hinn.

Kostnaður við stjórn og rekstur sjóðsins greiðist af fé hans.

4. gr.

Ríkisstjórnin sker úr, ef ágreiningur er um hverjar bifreiðar skuli gjaldskyldar samkvæmt 1. gr., svo og ef ágreiningur er um verð það, sem gjaldið miðast við.

5. gr.

Nú hefur innflutningsleyfi verið veitt fyrir bifreið áður en lög þessi öðlast gildi, en hún eigi verið tollafgreidd fyrir gildistöku laganna, skal þá tollyfirvald heimta gjald samkvæmt 1. gr. þegar tollafgreiðsla fer fram.

Nú hefur bifreið verið tollafgreidd fyrir gildistöku laga þessara og skal þó heimilt að krefja um leyfisgjald samkvæmt lögnum, ef leyfi til tollafgreiðslu bifreiðarinnar hefur verið veitt með fyrirvara um innheimtu gjaldsins síðar, ef það yrði á lagt. Ber innflytjandi slíkrar bifreiðar ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

6. gr.

Veita skal tveggja ára greiðslufrest á afborgunum lána, er stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands hefur veitt til kaupa á togurum, og lánstíminn lengjast samkvæmt því. Fresturinn telst frá gjalddaga hvernar afborgunar, einnig þó að um áfallnar, en ógreiddar afborganir lána þessara sé að ræða.

Sama gildir um afborganir af lánnum, er ríkissjóður hefur veitt til kaupa á nýjum togurum.

7. gr.

Þar sem talað er um ríkisstjórnina í lögum þessum er átt við ríkisstjórnina í heild.

8. gr.

Ríkisstjórnin setur reglur um framkvæmd laga þessara. Má í þeim reglum m. a. ákveða mismunandi gjald af leyfum fyrir ýmsum tegundum bifreiða innan þeirra marka, er greinir í 1. gr., og einnig, að bifreiðar til ákveðinna nota séu gjaldfrjálssar.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.